

Fundargerð

229. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 13. september 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Aðalsteinn Ásmundarson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Skúli Björnsson

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál.

Gengið til dagskrár kl. 12:13.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

Kynnt var umsögn Samorku um endurskoðuð drög að reglugerð um fráveitur og skólp.

Lögð var fram skýrsla Heilbrigðiseftirlits Austurlands um seyrugryfju á Skjöldólfsstöðum. Framkvæmdastjóra falið að koma upp skiltum við seyrugryfjuna.

Framkvæmdastjóri sagði frá samnorðni frárennsliráðstefnu sem haldin verður í Aarhus 10. - 12. október 2017. Stjórnin samþykkir að framkvæmdastjóri sæki ráðstefnuna.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri greindi frá endurnýjun á dælubúnaði í holu 10. Endurnýjun hitaveitulagna í Urriðavatnsbæina er nærri lokið.

Átta mánaða uppgjör er í vinnslu og í framhaldinu verður farið í gerð fjárhagsáætlunar 2018.

Framkvæmdastjóri ræddi hugmynd um kaup á sendiferðabíl fyrir HEF. Ákveðið að ræða málið frekar í tengslum við fjárhagsáætlun 2018.

3. Önnur mál.

Fráveitureglugerð, leyfisveitingar og starfsleyfi. - Vegna ummæla Árna Kristinssonar, á bæjarstjórnarfundi Fljótshéraðs 6. september 2017, um drög að nýrri fráveitureglugerð, óskar stjórn eftir að hann verði boðaður á



næsta fund stjórnar. Jafnframt verði honum sent bréf er barst frá Sigurjóni Norberg Kjærnested, forstöðumanni Samorku, varðandi drög að fráveitureglugerð, leyfisveitingum, starfsleyfi, eftirliti og kostnaði.

Raforkuverð. - Málið er í vinnslu.

Austurljós ehf. - Framkvæmdastjóri kynnti uppgjör við Austurljós ehf. vegna leigu á fjarskiptalögnum.

Fundi slitið kl.14.07

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.